

frestað og hún falli niður eftir 5 ár, ef skilorð laga nr. 39, 1907 verða haldin. Þá greiði ákærður og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Ingólfs Jónssonar, cand.jur., er ákveðast 50. kr.

Á máli þessu hefir orðið nokkur dráttur, er stafar af önnum við embættið.

---

Föstudaginn 23. apríl 1937.

Nr. 173/1936. Réttvísín og valdstjórnin

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

**Guðmundi Jóhannessyni**

(Theódór B. Líndal)

Brot gegn áfengislögunum, bifreiðalögunum og 99. gr. 1. mgr. sbr. 101. gr. hegningarlögunanna.

*Dómur aukaréttar Reykjavíkur 16. október 1936:* Ákærður, Guðmundur Jóhannesson, sæti 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Hann skal sviptur æfilangt leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Dómur hæstaréttar.**

Eftir handtöku ákærða framkvæmdi læknir rannsókn á áfengismagni í blóði hans, og reyndist það vera 2,5‰. Samkvæmt þessu og öðrum atvikum málsins verður að telja sannað, að ákærður hafi verið ölvaður við akstur bifreiðar. Hefir hann þar með gerzt brotlegur við 5. gr. 4. mgr. laga nr. 70 frá 1931 um bifreiðar og 21. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935. Ber að dæma hann til refsingar fyrir brot þetta eftir 14. gr. bifreiðalögunanna og 39. gr. áfengislögunanna. Þá hefir ákærður með því að aka

röngu megin við vegamótasteinininn á vegamótum Kalkofnsvegur og Lækjartorgs gerzt brotlegur við 32. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930 og ber að refsa honum fyrir það eftir 96. gr. sömu lögreglusamþykktar. Loks hefir ákærði með því að leitast við að ljósta lögregluþjón þann, sem ætlaði að taka hann fastan, hnefahögg í andlitið drýgt eina þeirra athafna, er greinir í 99. gr. 1. mgr. hinna almennu hegningarlaga, og varðar það hann refsingu eftir 101. gr. sömu laga. Með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, þykir refsing ákærða fyrir framantalin brot hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, svo sem gert er í hinum áfrýjaða dómi. Ennfremur ber að staðfesta ákvæði greinds dóms um sviptingu ökuskirteinis og sakarkostnað í héraði.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guðmundur Jóhannesson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Theódórs B. Líndal, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Jóhannessyni, bifreiðarstjóra, til heimilis á Laugaveg 28 A hér í bænum, fyrir brot gegn 12. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, lögum um notkun bifreiða nr. 70 1931, áfengislögum nr. 33, 1935 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930.

Með eigin játningu ákærðs, sem kemur heim við önnur gögn málsins, er það sannað, að aðfaranótt þess 28. sept. síðastliðins ók hann fólksflutningsbifreiðinni R.E. 102 frá Geithálsi í Mosfellssveit til Reykjavíkur og hér um götur bæjarins og var þá undir áhrifum áfengis. Ennfremur, að þegar hann á akstri sínum um bæinn ók af Kalkofnsvegi inn á Lækjartorg, beygði hann öfugu megin við vegamótasteininn. Loks þegar tveir einkennisbúnir lögregluþjónar ætluðu að taka hann fastan, reyndi hann að flýja þá og á flóttanum reyndi hann tvisvar sinnum að slá annan þeirra með krepptum hnefa i andlitið.

Framangreind brot ákærðs ber að heimfæra undir 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70 1931, 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 1935, 32. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 1930 og 101. gr. sbr. 99. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærður hefir áður sætt ákærum og refsingum sem hér segir: Þann 25. ágúst 1930 sektaður um 5 (sic) krónur fyrir brot gegn bifreiðalögunum, þann 10. des. 1931 sektaður um 10 kr. fyrir of hraðan bifreiðarakstur, þann 11. apríl 1932 sektaður um 100 krónur og sviptur ökuleyfi í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur, þann 13. júní 1932 sektaður um 1000 krónur fyrir bruggun og sölu áfengis, þann 30. jan. 1933 sektaður um 15 krónur fyrir bifreiðalagabrot, þann 2. febrúar 1934 sektaður um 10 krónur fyrir of hraðan bifreiðarakstur, þann 15. júlí 1934 sektaður um 10 krónur fyrir brot gegn samþykkt um bifreiðastæði, þann 13. september 1935 kærður fyrir að taka ökugjald með valdi, en málið eftir atvikum látið niður falla, og loks þann 19. ágúst 1936 sektaður um 25 krónur fyrir ölvun á almannafæri.

Refsing ákærðs þykir með hliðsjón af 63. gr. hegn-

ingarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga. Hann skal sviptur æfilangt leyfi til að stjórna bifreið. Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

---

Föstudaginn 23. apríl 1937.

Nr. 73/1936. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)  
 gegn

**Stjórn Kaupfélags Þingeyinga**  
 (Stefán Jóh. Stefánsson)

Ómerking málsmeðferðar í héraði og dóms.

*Dómur lögregluréttar Þingeyjarsýslu 19. sept. 1935:*  
 Kærði, stjórn Kaupfélags Þingeyinga á Húsavík, greiði 300,00 kr. sekt til rikissjóðs innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa. Verði sektin ekki greidd, afplánist hún með 18 daga einföldu fangelsi. Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

### Dómur hæstaréttar.

Mál þetta hefir héraðsdómarinn höfðað gegn stjórn Kaupfélags Þingeyinga, án þess að nafngreina þá einstaklinga, sem fyrir sökum eru hafðir, og án þess að taka nokkra skýrslu af stjórnarnefndar-mönnunum, að einum þeirra undanteknum. Eftir þenna málatilbúning hefir héraðsdómarinn svo dæmt „kærða, stjórn Kaupfélags Þingeyinga“, til sektargreiðslu og til vara til afplánunar sektarinnar. Þessi málsmeðferð og dómur er svo fjarri lagi, að ekki verður hjá því komið að ómerkja hvorttveggja.